

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2019

2022/EES/69/15

frá 8. maí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1659 frá 7. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 í ljósi vísindalegra viðmiðana til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika sem komið var á með reglugerð (ESB) 2018/605 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 frá 20. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðsúlfúrón, bífenox, klórþýrifos, klórþýrifosmetýl, klófentesín, díkamba, dífenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, dímoxystróbín, fenoxapróp-p, fenprópídín, lenasíl, mankóseb, mekópróp-p, metíram, níkósúlfúrón, oxamýl, píklóram, píraklóstróbín, píriproxýfen og trítósúlfúrón ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1913 frá 6. desember 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu tríbenúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntu verndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1914 frá 6. desember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu kínoxýfeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1915 frá 6. desember 2018 um samþykki fyrir virka efninu *Metschnikowia fructicola* af stofni NRRL Y-27328, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1916 frá 6. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið bispýribak ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1917 frá 6. desember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu flúrtamóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 278, 8.11.2018, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 24.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 27.

8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32018 R 1796:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 frá 20. nóvember 2018 (Stjtíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 15),
- **32018 R 1913:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1913 frá 6. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 13),
- **32018 R 1914:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1914 frá 6. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 17),
- **32018 R 1915:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1915 frá 6. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 20),
- **32018 R 1916:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1916 frá 6. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 24),
- **32018 R 1917:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1917 frá 6. desember 2018 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 27).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13f (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012):

„, breytt með:

- **32018 R 1659:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1659 frá 7. nóvember 2018 (Stjtíð. ESB L 278, 8.11.2018, bls. 3).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzi (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1532):

„13zzzzzzzzzj. **32018 R 1913:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1913 frá 6. desember 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu tríbenúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 15).

13zzzzzzzzzk. **32018 R 1914:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1914 frá 6. desember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu kínoxýfeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 17),

13zzzzzzzzzl. **32018 R 1915:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1915 frá 6. desember 2018 um samþykki fyrir virka efninu *Metschnikowia fructicola* af stofni NRRL Y-27328, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 20).

13zzzzzzzzzzm. **32018 R 1917**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1917 frá 6. desember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu flúrtamóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1659, (ESB) 2018/1796, (ESB) 2018/1913, (ESB) 2018/1914, (ESB) 2018/1915, (ESB) 2018/1916 og (ESB) 2018/1917, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.